

Reykjanesbær  
Ráðhús Reykjanesbæjar  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Mott	Reykjanesbær <b>ABG</b> 14.11.2019
Lykill	00-06
Málsnr.	2019110163
Ábmr.	RFG

Reykjavík 11. nóvember 2019

**Efni:** Beiðni um fjárframlag til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2020.

Þess er hér með farið á leit að Kvennaráðgjöfinni, kt. 471085-0499, Túngötu 14, Reykjavík, verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 250.000.- fyrir rekstrarárið 2020 til að reka ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur.

Kvennaráðgjöfin tók til starfa í febrúar 1984 og hafa lengst af starfað við Kvennaráðgjöfina í sjálfboðaliðavinnu um 20 félagsráðgjafar og lögfræðingar, þ. á m. namar á lokaárum í þessum greinum. Megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf og er Kvennaráðgjöfin er opin öllum, bæði konum og körlum, sem geta hvort sem er komið eða hringt. Þjónustan er endurgjaldlaus og þurfa þeir sem til okkar sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar. Aðalstyrktaraðilar Kvennaráðgjafarinnar hafa verið ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, en undanfarin ár hafa sveitarfélögin dregið mjög úr styrkveitingum til Kvennaráðgjafarinnar á sama tíma og aðsókn hefur aukist á þeim tímum sem greitt er fyrir ráðgjöfina. Auk þess hefur eftirspurn eftir ráðgjöf í gegnum tölvupóst og á netinu aukist á sama tíma og er því sinnt af launuðum starfskonum ráðgjafarinnar.

Aðsóknin að Kvennaráðgjöfinni hefur frá upphafi verið mikil og er það að sögn ekki síst hvað auðvelt er að leita til okkar, það þarf ekki að panta tíma eða skrá sig undir nafni og kennitölu vegna viðtals. Til Kvennaráðgjafarinnar hafa leitað allt að 400 á ári, en nú koma um 200-250 til okkar árlega eða hringja og er það bæði af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Nánast öll vinna í Kvennaráðgjöfinni er veitt án endurgjalds, en tvær starfskonur sem sinna ráðgjöf á dagvinnutíma á fimmtudögum og rekstri eru í hlutastarfi í lágu starfshlutfalli. Helsti kostnaður við ráðgjöfina er vegna þess, svo og leigu- og símakostnaður, sbr. meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir árið 2019.

Þá á Kvennaráðgjöfin aðild að Bjarkarhlíð, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, sem einn stofnaðili miðstöðvarinnar og sinnir lögfræðiráðgjöf þar einu sinni í viku ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands. Núna tekur Kvennaráðgjöfin jafnframt þátt í undirbúningi nýrrar miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri sem áætlað er að opni í vor, og mun einnig annast lögfræðiráðgjöf þar a.m.k. fyrstu árin. Auk þessa tekur Kvennaráðgjöfin þátt í undirbúningi ráðstefnu sem verður haldin á þessu ári, m.a. í samstarfi við ÍSÍ, menntamálaráðuneyti o.fl., um öryggi í íþróttum, ofbeldisbrot í tengslum við þjálfun og keppnisíþróttir.

**Kvenna  
ráðgjöfin**

Með vísan til ofangreinds er sótt um styrk að fjárhæð kr. 250.000.- til að greiða rekstrarkostnað Kvennaráðgjafarinnar á þessu ári. Tekið skal fram að Kvennaráðgjöfin nýtur ekki styrkja frá fyrirtækjum eða öðrum aðilum en áður er getið, og getur því ekki haldið áfram starfsemi ef ekki kemur til styrkur frá opinberum aðilum eins og undanfarið.

Með fyrirfram þökk.

F.h. Kvennaráðgjafarinnar,  
virðingarfyllst

*Kristín A Ólafsdóttir*

Kristín A. Ólafsdóttir

## Kvennaráðgjöfin

### REKSTRARÁÆTLUN 2019

#### Tekjur

Styrkur, ríkissjóður	kr.	3,500,000
Styrkur, sveitarfélög	kr.	550,000
Aðrir styrkir	kr.	50,000
Aðrar tekjur	kr.	80,000
Vaxtatekjur	kr.	0
alls kr.		<u>4,180,000</u>

#### Gjöld

Ráðgjafarlaun og verkefnastjórn	kr.	1,764,000
Umsjónarlaun og ráðgjöf	kr.	2,040,000
Símakostnaður	kr.	78,000
Leiga	kr.	216,000
Annar skrifstofukostnaður	kr.	45,000
Bankakostnaður	kr.	6,200
Netkostnaður, heimasíða	kr.	6,230
Ráðstefnu og fundarkostnaður	kr.	280,000
Ýmislegt, prentun, póstur o.fl.	kr.	35,000
Annað ófyrirséð	kr.	89,570
alls kr.		<u>4,560,000</u>

Afkoma ársins -380,000